

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Eiðsgrandi – Ánanaust.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi strandsvæðis Eiðsgranda - Ánanaustar. Skipulagssvæðið er um 5,5 hektarar og er eitt stærsta græna svæðið í Vesturbænum og hefur mikið gildi sem útivistarsvæði og er eitt af markmiðum skipulagsins að bæta möguleika til útivistar allt árið um kring. Einnig felst í tillögunni að bæta grjótvarnargarðinn til að tryggja öryggi og að setja inn í skipulag aðgreinda göngu- og hjólastíga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Guðrúnartún 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 24. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst fjölgun bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurstígur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 31. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 3 við Norðurstíg. Í breytingunni felst hækkun hússins um eina hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 113.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegur/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að stækka húsið og heimila rekstur gististaðar og veitingastaðar í flokki II í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurbakki 2, reitur 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 5. apríl 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags Austurbakka 2 er varðar reit 2 sem felst í aukningu á byggingarmagni ofanjarðar á reit 2. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. apríl 2017.

Björn Axelsson.